



Ársskýrsla FNV 2022

Kjarnastarfsemi skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og kennsla á iðn- og starfsnámsbrautum, starfræksla sérdeildar fyrir fatlaða nemendur og dreifnámskennsla um fjarfundabúnað, allt með áfanga- og fjölbrautasniði. Haustið 2022 stunduðu nemendur nám á 15 námsbrautum; 5 námsbrautum til stúdentsprófs, 8 verk- og starfsnámsbrautum, almennt nám og starfsbraut fyrir fatlaða. Um 703 nemendur stunduðu nám við skólann.

Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Í skólanámskrá er að finna skólafestu, kennslufræðilega stefnu, starfsmannastefnu, áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi, gæðastefnu, jafnréttisáætlun, heilsustefnu, forvarnastefnu, persónuverndarstefnu, stefnu um alþjóðlegt samstarf, launastefnu, jafnlaunastefnu, umhverfisstefnu og loftslagsstefnu. Foreldrafélag er starfandi við skólann sem hefur tekið þátt í viðburðum á vegum skólans og nemendafélagsins. Skólinn er þátttakandi í Forvarnateymi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vinaverkefni á vegum sveitarfélagsins. Þá á skólinn í samstarfi við Hús frítímans á Sauðárkróki um aðgang nemenda að tómsundaaðstöðu þar.


Einkunnarorð skólans eru vinnusemi, virðing og vellíðan. Stjórnendur leitast við á hverjum tíma að skapa þær aðstæður á vinnustað að þar ríki vinnusemi, gagnkvæm virðing starfsfólks og nemenda og vellíðan allra sem við skólann nema og starfa.

Matsþættir í innra mati skólans eru; A) kennsla og önnur störf kennara, B) stjórnun C) stoðþjónusta önnur þjónusta, D) nemendur og nám og E) starfsfólk og starfsumhverfi. Á grundvelli niðurstaðna eru settar fram umbótaáætlanir og þeim fylgt eftir. Ytri úttekt var gerð á skólanum árið 2018 og birt í janúar 2019. Hún er birt á vef skólans. Út frá niðurstöðum úttektarinnar var sett fram umbótaáætlun sem nú hefur farið fram.

Nemendur

Í FNV voru skráðir 703 nemendur á haustönn 2022. Karlkyns nemendur voru 352 talsins en kvenkyns nemendur 351. Á stúdentsbrautum voru 221 nemendur, í iðnnámi 224 nemendur, í sjúkraliðanámi 91 nemandi, í hreinu fjarnámi voru 86 nemendur. Á kvikmyndabraut voru 20 nemendur, á starfsbraut 20 nemendur og nemendur í almennu námi voru 6 talsins. Einnig sóttu 35 nemendur úr grunnskóla kennslustundir í Íþróttakademíu (körfubolti/fótbolti), trésmiðju og málmismiðju. Nemendur í námsverum á Blönduósi, Hvammstanga og Hól mavík eru taldir með í tölum hér að ofan.

Á mynd 1 sést nemendafjöldi að hausti árin 2018 – 2022.




Mynd 1 Nemendafjöldi að hausti árin 2018 - 2022

Nýir nemendur í dagskóla sem komu beint úr grunnskóla voru 78 talsins. Aðrir nýir yngri en 18 ára voru 22 talsins og nýir 18 ára og eldri voru 52. Samtals gerir það 152 nýja nemendur í dagskóla á haustönn 2022.

Af samþykktum umsóknum á stúdentsbrautir voru 19 á fjölgreinabraut, 17 á félagsvísindabraut, 5 á hestabraut og 12 á náttúruvísindabraut. Af samþykktum umsóknum á iðnbrautir voru 30 í rafvirkjun, 14 í vélvirkjun/vélstjórn og 20 í húsasmíði. Á starfsbraut innrituðust 11 nýnemar, 18 á kvikmyndabraut og 6 í almennt nám (BLÖ, HÓV). Helgarnemar eru inn í tölum um rafvirkjun. Þar að auki hófu 56 nýnemar nám í sjúkraliðanámi og 46 nýnemar í hreinu fjarnámi.

Á mynd 2 sést þróun í innritun nemenda sem koma beint úr grunnskóla að hausti 2018-2022.



Mynd 2 Nemendur beint úr grunnskóla haust 2018 - 2022



Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir námsbrautum og fjölda eininga.

Braut	Fjöldi	Fjöldi eininga
10. bekkur	35	92
Almennt nám	6	140
Félagsvísindabraut	40	1084
Félagsvísindabraut, fjar	6	115
Fjölgreinabraut	78	2030
Fjölgreinabraut, fjar	59	646
Fjarnám	45	296
Hestabraut	15	439
Húsasmíði	80	2472
Húsgagnasmíði	3	85
Kvikmyndanáms	20	421
Meistaraskóli	18	144
Náttúruvísindabraut	26	836
Rafvirkjun	55	1459
Rafvirkjun, vélstjórar D	16	315
Sjúkraliðabré	18	300
Sjúkraliðabraut	132	1696
Starfsbraut	20	616
Viðbótarnám til stúdents	3	73
Vélstjórn	11	306
Vélvirkjun	23	677
Samtals	703	14127

Tafla 1. Skipting nemenda á brautir haust 2022, allir nemendur



Tafla 2 sýnir skiptingu nemenda á brautir sem hafa FNV sem aðalskóla annars vegar og hins vegar aukaskóla eða nemendur sem eru í grunnskóla.

Braut	Aðalskóli	Aukaskóli	Grunnskóli	Alls
10.bek			35	35
AN	6			6
FÉL	33	1		34
FÉLF	6			6
FJÖ	78			78
FJÖF	58	1		59
FN		45		45
HES	15			15
HÚSB	80			80
HÚSG	3			3
KVM	19	1		20
MEI	18			18
NÁT	26			26
RAF	54	1		55
RAFV	15	1		16
SBF	17	1		18
SJÚ	91	41		132
ST4	20			20
TÆK	3			3
VA-21	1			1
VB-21	9			9
VÉL	1			1
VÉLV-21	22			22
VVB	1			1
Alls	576	92	35	703

Tafla 2. Skipting nemenda á brautir haust 2022, aðalskóli, aukaskóli og grunnskólanemendur

Aldursdreifing nemenda

Aldurskipting nemenda eftir aldri kemur fram í töflu 3. Miðað er við aldur 3. október 2022. Taflan sýnir því ekki árganga.

Aldur (ár)	Alls
15 ára og yngri	47
16	78
17	88
18	56
19	43
20-25 ára	135
26 ára og eldri	256
Alls	703

Tafla 3 Skipting nemenda eftir aldri 3. október 2022

Búseta nemenda

Flestir nemendur FNV koma af Norðurlandi vestra eins og tafla 4 sýnir. Athyglivert er að rúmlega helmingur nemenda (52%) kemur úr öðrum landshlutum.

Landshluti	Alls
Reykjavík	40
Reykjanes	68
Vesturland	29
Vestfirðir	31
Norðurland vestra	369
Norðurland eystra	104
Austurland	30
Suðurland	29
Útlönd eða óþekkt	3

Alls	703
-------------	------------

Tafla 4 Skipting nemenda eftir búsetu

Skiptingu nemenda eftir póstnúmerum 500 – 580 (Strandir og Norðurland vestra) er loks að finna í töflu 5.

Póstnúmer og staður	Fjöldi nemenda
500 Staður	3
510 Hólmavík	5
530 Hvammstangi	22
531 Hvammstangi	13
540 Blönduós	40
541 Blönduós	8
545 Skagaströnd	11
546 Skagaströnd	2
550 Sauðárkrókur	185
551 Sauðárkrókur	26
560 Varmahlíð	8
561 Varmahlíð	25
565 Hofsó	6
566 Hofsó	3
570 Fljót	1
580 Siglufjörður	11
Alls	369

Tafla 5. Skipting nemenda eftir póstnúmerum 500 - 580



Námsbrautir

Námsbrautir við FNV:

Stúdentsprófsbrautir:

Félagsvísindabraut (15-48-3-6)
Fjölgreinabraut (15-45-3-6)
Hagfræðibraut (15-46-3-6)
Hestabraut (17-231-3-6)
Íþróttabraut (15-81-3-7)
Náttúruvísindabraut (15-47-3-6)
Nýsköpunarbraut-stúdentspróf (15-2-2-3)
Tæknistúdent (16-158-3-7)

Iðnbrautir:

Húsasmíði (18-202-3-8)
Húsgagnasmíði (20-449-3-8)
Rafvirkjun (18-262-3-8)
Vélvirkjun (19-252-3-8)

Starfsnámsbrautir:

Hestaliðabraut (17-353-2-5)
Kvikmyndabraut (18-357-2-3)
Nýsköpunarbraut - framhaldsskólapróf (17-352-2-3)
Slátrarabraut (17-356-2-5)
Sjúkraliðabraut (16-37-3-8)
Vélstjórn A
Vélstjórn B

Starfsbraut:

Starfsbraut (15-49-1-12)

Skólanámskrá og námsframboð. Sjá <http://www.fnv.is/> (Námið).



Dreifnám

FNV býður upp á dreifnám sem er fólgið í því að nemendur geta stundað nám við skólann frá Blönduósi, Hólmavík og Hvammstanga og njóta kennslu í gegnum Teams frá Sauðárkróki. Markmiðið er að nemendur geti í dreifnámi lokið almennum greinum iðnbrauta og kjarnagreinum stúdentsbrauta, a.m.k. þeim áföngum sem eru á 1. og 2. þrepi. Á hverjum stað eru umsjónarmenn sem fylgjast með nemendum og aðstoða þá eftir þörfum. Námslotur eru haldnar á Sauðárkróki þar sem dreifnámsnemum gefst tækifæri til að hitta samnemendur sína. Ferðatilhögun hefur verið á þann veg að nemendur koma með Strætó á sunnudagskvöldi og eru á heimavist FNV í fæði og húsnæði næstu daga. Þeim gefst tækifæri til að taka þátt í helstu viðburðum og ferðalögum á vegum skólans sem gjarnan eru tímasettir þegar staðarlotur eru.

Fjarnám

Nokkur hluti nemenda við skólann stundar fjarnám. Námið fer að mestu fram með tölvusamskiptum við kennara. Talsvert fleiri konur en karlar stunda fjarnám við skólann. Námsfémi í fjarnámi er sá sami og hjá nemendum í dagskóla. Samskipta- og námsumhverfið Moodle er notað í staðar-, fjar- og dreifnámi við FNV. Allir áfangar sem kenndir eru við skólann, aðrir en verknámsáfangar, eru í boði í fjarnámi og þá er skólinn aðili að Fjarmenntaskólanum sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Á þann hátt geta skólarnir breikkað námsframboð sitt og tryggt að nemendur geti lokið námi á völdum námsbrautum. Sjúkraliðanám er þannig samvinna þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Ísafirði. Skólarnir skipta með sér kennslu í bóklegum áföngum og eru þeir kenndir eingöngu í fjarnámi á netinu. Hver skóli fyrir sig sér síðan um sína nemendur hvað varðar verklega áfanga, svo sem líkamsbeitingu og verklegan hjúkrunaráfanga ásamt vinnustaðanáminu. Þá býður FNV þeim grunnskólanemum sem lokið hafa viðmiðum grunnskólans að sækja einingabært nám í fjarnámi

Fjöldi brautskráðra eftir brautum vor 2022

Brautskráning fór fram föstudaginn 27. maí í íþróttahúsi Sauðárkróks. Alls brautskráðust 110 nemendur af eftirtöldum námsbrautum, en alls voru gefin út 128 prófskírteini, sjá töflu 6.

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	7
Fjölgreinabraut	23
Hestabraut	2
Húsgagnasmíði	3
Húsasmíði	10
Íþróttakademía	6
Meistaránám iðngreina	6



Náttúruvísindabraut	3
Rafvirkjun	15
Rafvirkjun vélstjóra	13
Sjúkraliðar	21
Starfsbraut	3
Stúdentsbraut starfsnáms	8
Vélstjórn	5
Vélvirkjun	3
Alls:	128


Tafla 6 Útgefin skírteini vor 2022

Kennsla, stjórnun og önnur störf

Haustið 2022 störfuðu við skólann 46 kennarar í 39 stöðugildum, þar af 22 konur í 18,4 stöðugildum og 24 karlar í 20,6 stöðugildum. Aðrir starfsmenn skólans voru 20 í 16,4 stöðugildum, þar af 17 konur í 13,8 stöðugildum og 3 karlar í 2,6 stöðugildum. Alls 66 starfsmenn og 55,4 stöðugildi.

Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda.

Nýtt skipurit var tekið í notkun á haustönn 2021. Mynd 3.



Yfirstjórn skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra.

Við skólann starfa 11 deildarstjórar, þar af 7 konur og 4 karlar.

Deildarstjórn skiptist með eftirfarandi hætti:

1. Félags- og viðskiptagreinar - Guðbjörg Einarsdóttir
2. Raungreinar og stærðfræði - Sunna Gylfadóttir
3. Íslenska og listgreinar - Guðbjörg Bjarnadóttir
4. Erlend tungumál - Sara Nielsdóttir
5. Hestagreinar – Arndís Björk Brynjólfssdóttir
6. Íþróttir og lýðheilsa - Ingvar Magnússon
7. Sjúkraliðagreinar – Ingibjörg Ösp Jónasardóttir
8. Starfsbraut – Aðalheiður Reynisdóttir
9. Rafvirkjun og bíltæknigreinar - Garðar Páll Jónsson
10. Málmiðnir - Björn Sighvatz
11. Tréiðnir – Óskar Már Atlason

Ráðið var í störf til þriggja ára frá og með 1. ágúst 2021.



Nefndir og ráð haust 2022

Öryggisnefnd, kosin til tveggja ára frá og með september 2022.

- Garðar Páll Jónsson, öryggisfulltrúi
- Helgi Páll Jónsson, öryggisfulltrúi
- Sigríður Svavarsdóttir, öryggistrúnaðarmaður
- Þorsteinn Hjaltason, öryggistrúnaðarmaður, formaður öryggisnefndar

Jafnréttisnefnd, kosin til tveggja ára frá og með september 2021.

- Guðbjörg Einarsdóttir, jafnréttisfulltrúi
- Helgi Páll Jónsson
- Karítas Björnsdóttir
- Sunna Gylfadóttir

Sjálfsmatsnefnd skipuð ótímabundið.

- Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats
- Ágúst Ingi Ágústsson
- Guðrún Helga Tryggvadóttir
- Dagný Erla Gunnarsdóttir

Eineltisráð, kosið til tveggja ára frá og með september 2021.

- Aðalbjörg Hallmundsdóttir
- Ágúst Ingi Ágústsson
- Guðbjörg Einarsdóttir
- Hafdís Einarsdóttir

Heilsuefningarteymi skipað ótímabundið:

- Aðalbjörg Hallmundsdóttir
- Arndís Brynjólfsdóttir
- Ingvar Magnússon
- Margrét Helga Hallsdóttir
- Viktor Darri Magnússon
- Þorkell V. Þorsteinsson

Umhverfissráð skipað ótímabundið

- Guðrún Ottósdóttir
- Gunnar Gunnarsson
- Ingileif Oddsdóttir
- Kristján Bjarni Halldórsson
- Sunna Gylfadóttir
- Þorkell V. Þorsteinsson

Skólaráð skipað ótímabundið:

- Ingileif Oddsdóttir
- Þorkell V. Þorsteinsson
- Kristján Bjarni Halldórsson
- Þorsteinn Hjaltason
- Dagný Erla Gunnarsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

- Margrét Helga Hallsdóttir

Arndís Brynjólfsdóttir

Gæðaráð

- Hafdís Einarsdóttir, gæðastjóri
- Ingileif Oddsdóttir
- Þorkell V. Þorsteinsson
- Kristján Bjarni Halldórsson
- Grétar Karlsson

Skipulag náms

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki starfar eftir áfangakerfi. Í því felst að námsefni í einstökum námsgreinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru eina önn í senn. Tvær jafngildar annir eru á hverju skólaári, haustönn og vorönn.

Allt nám í skólanum er metið til námseininga. Ein námseining samsvarar þriggja daga vinnu.

Nemendur velja sér sjálfir áfanga á hverri önn og bera þannig ábyrgð á skipulagi náms síns.

Við upphaf kennslu skulu nemendur fá aðgang að kennsluáætlun þar sem fram koma m.a. upplýsingar um námsmarkmið viðkomandi námsáfanga, áætlun um yfirferð, námsmat og listi yfir námsgögn.

Námsbrautir er það samval áfanga sem nemendum stendur til boða í skólanum. Nemendur brautskrást eftir að hafa lokið námi á tiltekinni námsbraut. Í brautalýsingum eru tilteknir þeir áfangar sem tilheyra hverri braut. Ýmsir námsáfangar eru sameiginlegir mörgum námsbrautum og í þeim er nemendum raðað saman í kennsluhópa án tillits til þess á hvaða braut þeir eru skráðir.

Flestum námsbrautum til stúdentsprófs er skipt í kjarna, sem samanstendur af 120 námseiningum, sérgreinum brautar sem oftast samanstendur af 55 námseiningum og 35 einingum í óbundnu vali.

A. Húsnæði og aðbúnaður





Bóknámshúsið var tekið í notkun árið 1994. Þar fer fram kennsla í bóklegum greinum og upplýsingatækni. Þar eru meðal annars aðalskrifstofa skólans, kaffi- og vinnustofa kennara og annars starfsfólks, tölvuver, bókasafn, félagsaðstaða nemenda, aðstaða til heimanáms og búnaður sem notaður er til kennslu í dreifnámsstofur á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.

Í verknámshúsi, sem einnig er nefnt hátæknimenntasetur, fer fram kennsla í vélvirkjun, rennismíði, bifvélavirkjun, vélstjórnarbraut A og B, rafvirkjun, grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, verknámsbraut húsasmíða og húsgagnasmíði. Þar er einnig lítil kaffistofa og Fab Lab stofa.

FNV hefur aðgang að íþróttahúsinu og sundlauginni á Sauðárkróki til íþróttá- og sundkennslu. Skólinn hefur einnig aðgang að líkamsræktarstöðinni Þreksport (ekki á mynd) til líkamsræktar- og íþróttakennslu. Þá hefur skólinn aðgang að Reiðhöllinni Svaðastöðum til verklegrar kennslu í hesta- og reiðmennsku (ekki heldur á mynd).

Heimavist FNV er skammt norðan bóknáms- og verknámshúsa. Hún rúmar allt að 140 manns, ýmist í eins eða tveggja manna herbergjum sem eru öll með salerni og sturtu. Hægt er að kaupa netsamband á öll herbergi og þráðlaust netsamband er í anddyri. Heimavistin hefur nðánast öll verið endurnýjuð. Mötuneyti er í húsinu fyrir nemendur og starfsfólk. Það er rekið af einkaaðila utan skólans og án fjárhagslegra tengsla við hann.

Til viðbótar skólahúsnæði á Sauðárkróki eru dreifnámsstofur á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Þar sækja nemendur kennslu í gegnum Teams. Með því móti er nemendum úr Húnaþingi og Strandabyggð gert kleift að dvelja heima allt að tveimur árum lengur en ella.

B. Markmið

1. Skólinn leitast við að bjóða sem flestum nemendum nám við hæfi. Það verður m.a. gert með auknu framboði iðnnáms í helgarnámi fyrir fullorðna auk samvinnu innan Fjarmentaskólans um aukið framboð starfsnáms t.d. sjúkraliðanám.
2. Að viðhalda framboði á staðfestu heildstæðu verk- og starfsnámi.
3. Efling innra mats. Niðurstöður sjálfsmats eru teknar saman í lok hverrar annar.
4. Betri líðan og jákvæðara viðhorf nemenda. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins fá nemendur skólans niðurstöðuna 4,5 í þættinum vellíðan. Stefnt er að því að niðurstaðan verði áfram að minnsta kosti 4,5. Nemendafélagið fái stuðning við að efla félagslíf nemenda.
5. Efling mannauðs. Öllum starfsmönnum gefist kostur á starfsmannaviðtali árlega. Efling starfsanda s.s. með fyrirlestrum og námskeiðum.



C. Fjármál

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

	Rauntölur 2022	Rauntölur 2021
Dagvinna vaktaálag	460,421,638	432,759,399
Aukagreiðslur	3,502,736	3,760,180
Orlof breyting	3,595,231	3,950,240
Yfirvinna	97,725,749	94,809,127
Launatengd gjöld	129,109,437	120,197,099
Laun samt.	694,354,791	655,476,045
Ferða-og dvalark.innanl.	1,401,532	657,004
Ferða-og dvalark.erl.	6,999,828	2,163,112
Fundir, námskeið og risna	3,008,786	4,532,950
Akstur	3,363,398	2,029,853
Ferðir og fundir samt.	14,773,544	9,382,919
Tímarit, blöð og bækur	643,298	779,753
Skrifstofuvörur og áhöld	4,880,382	5,092,801
Aðrar vörur	16,961,754	18,794,774
Rekstrarvörur samt.	22,485,434	24,667,328
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	2,414,035	2,401,888
Önnur sérfræðipjónusta	24,394,295	26,138,704
Sími og ýmis leigugjöld	8,259,591	6,388,095
Prentun, póstur, augl., flutn.	8,004,548	6,923,231
Aðkeypt þjónusta samt.	43,072,469	41,851,918
Húsaleiga og aðk. ræsting	192,357,082	180,934,713
Rafmagn og heitt vatn	13,275,724	11,598,611
Verkaup og byggingarvörur	18,655,329	177,475
Fasteignagjöld og tryggingar	516,864	486,406
Húsnæði samt.	224,804,999	193,197,205
Verkstæði og varahlutir	461,052	410,734
Brennslufni og olíur	317,653	172,812
Bifreiðar og vélar samt.	778,705	583,546



Vextir, bætur, skattar samt.	445,314	181,726
Afskrift	15,697,961	15,439,794
Tilfærslur samt.	380,840	450,920
Rekstrarkostnaður alls	1,016,794,057	941,231,401
Sértekjur samt.	99,881,966	89,585,121
Gjöld umfram sértekjur	916,912,091	851,646,280
Framlag ríkisjóðs	951,864,947	835,462,424
Afgangur/Halli	34,952,856	-16,183,856
Höfuðstóll í ársbyrjun 2022	18,232,301	64,416,157
Millifært af fjárfest.framlagi f.f. ári		-30,000,000
Afgangur/Halli ársins	34,952,856	-16,183,856
Höfuðstóll 31.12.2022	53,185,157	18,232,301
Fjárfestingarfjárveiting 1.1.2022	6,654,092	-31,585,763
Fjárfestingarfjárveiting ársins	22,300,000	21,200,000
Millifært af rekstri f.f. ári		30,000,000
Fjárfesting (eignakaup)	-33,020,641	-12,960,145
	-4,066,549	6,654,092
Mismunur rekstur-fjárfesting	49,118,608	24,886,393



D. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er í samstarfi við grunnskóla á Norðurlandi vestra um

- i. kynningu á námi í framhaldsskóla
- ii. kynningu á iðnnámi við FNV
- iii. um forvarnir og Vinaverkefni

Skólinn leggur mikla áherslu á samstarf og samráð við atvinnulífið og samtök fyrirtækja um frekari uppbyggingu námsframboðs. Skólinn hefur átt gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir um nám og kennslu í húsasmíði, bifvélavirkjun, kvikmyndagerð, fisktækni, slátraranámi o.s.frv.. Þess má geta að kennsla í þessum greinum hefur farið að hluta til fram í húsnaði fyrirtækja úti í bæ.

Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum. Markmið Fjarmenntaskólanna er að auka námsframboð á landsbyggðinni ásamt því að auka hagræði í rekstri hjá öllum aðildarskólunum.

Haldið verður áfram að taka þátt í þróunarverkefnum, erlendum samskiptum og nýbreytni í skólastarfi.

- ❖ Skólaárin 2019-2022 er skólinn aðili að NordPlus Junior verkefni sem gengur undir nafninu „Improving Digital Competencies and computational thinking of SEN student in VET”.
- ❖ Skólaárin 2019-2022 er skólinn aðili að Erasmus+ verkefni sem gengur undir nafninu „Networkline Europe 4.0 - Everyone Everywhere At Anytime“.
- ❖ Skólaárin 2019-2022 er skólinn aðili að Erasmus+ verkefni sem gengur undir nafninu „Using ICT's to preserve European crafts“.
- ❖ Skólaárin 2019-2022 er skólinn aðili að Erasmus+ verkefni sem gengur undir nafninu „Girls and boys programming for Europe“.
- ❖ Skólaárin 2021-2022 er skólinn aðili að Erasmus+ verkefni sem gengur undir nafninu „International ICT Competitions III for Increasing the Quality of Secondary Education Program“.
- ❖ Skólaárin 2019 – 2027 er unnið að starfsþróunarverkefninu í flokknum Nám og þjálfun í Erasmus+.

FNV er m.a. í samstarfi við

- HátækniSETUR Íslands um rekstur FabLab stofu til að glæða áhuga nemenda á nýsköpun og tækni.
- Uppsteypu ehf. um verkefni fyrir húsasmíði.
- UMFT um Akademíu í körfubolta og fótbolta.



E. Nemendaráð og félagslíf

Félagslíf nemenda skipar venjulega stóran sess í skólastarfinu.

Söngkeppni nemendafélagsins var haldin á sal skólans fimmtudaginn 25. nóvember. Sjö atriði kepptu og í fyrsta sæti varð **Emelíana Lillý Guðbrandsdóttir** með lagið „I Have Nothing“ eftir Whitney Houston.

Opnir dagar eru hápunktur félagslífsins á vorönn og eru í umsjón nemendaráðsins en að verkefnum koma bæði nemendur og starfsfólk skólans. Opnir dagar voru haldnir í byrjun mars. Á meðal dagskrárliða Opinna daga má nefna forritun, bændaferð, hóptímaþjálfun, gítargrip, handavinnuhorn, library escape, LAN, kósýhorn, ljósmyndamaraþon, crossfit, skíði, háskólakynningu, golfhermi, streetball, zumba, kraftlyftingar, förðun, skyndihjálpar, Fablab og sýndarveruleika. Árshátíð NFNV var í lok opinna daga.

Nemendur á hestabraut skólans héldu árlegt Fjörmót FNV fimmtudaginn 10. mars. Mótið er orðið fastur liður á vorönn og er alltaf vel sótt af hestamönnum í nærumhverfi skólans. Á mótinu er þrautabraut fyrir 12 ára og yngri, þrautabraut fyrir 12 ára og eldri, pollaflokkur, barnaflokkur og opinn flokkur. Mótið tókst afbragðsvel að venju.

Skólablaðið Molduxi kom út í byrjun maí.

Lið FNV í Gettu betur æfði vel á haustönn og stóðu nemendur sig með þryði í keppinni.

Liðið skipuðu þau Alexander Viktor Jóhannesson, Íris Helga Aradóttir og Óskar Aron Stefánsson.

Nemendaráð vor 2022 (skólaárið 2021 - 22): Helena Erla Árnadóttir formaður, Krista Sól Nielsen varaformaður, Berglind Gísladóttir gjaldkeri, Óskar Aron Stefánsson íþróttformaður, Dagný Erla Gunnarsdóttir ritstýra, Herdís Eir Sveinsdóttir skemmtanastjóri og Jón Daníel Jóhannsson tækniformaður.

Nemendaráð haust 2022 (skólaárið 2022 - 23): Dagný Erla Gunnarsdóttir formaður, Emelíana Lillý Guðbrandsdóttir varaformaður, Raket Gígja Ragnarsdóttir gjaldkeri, Viktor Darri Magnússon íþróttformaður, Flóra Rún Haraldsdóttir ritstýra, Halldóra Heba Magnúsdóttir skemmtanastjóri og Óskar Aron Stefánsson tækniformaður.

Sauðárkróki 10. maí 2023

Ingileif Oddsdóttir
skólameistari